

Mál nr. 372/2020**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags og
V2 v/ ábyrgðartryggingar gámafyrirtækis D****Ágreiningur um bótaskyldu er lok á ruslagámi fauk upp og olli skemmdum á bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 30.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 13.11.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 12.11.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 19. september 2020 hafði M lagt bifreið sinni, A á lóð tiltekins skóla sem B á og rekur. Á grasbala við hlið stöðureits sem A hafði verið lagt í hafði verið komið fyrir tveimur ruslagámum í eigu gámafyrirtækisins D. Gámarnir munu hafa verið ætlaðir undir rusl frá skólanum. Stóð annar þeirra allnærri stöðureitnum, sem A hafði verði lagt í og skáhallt á stefnu reitsins. Kveður M að umræddan dag hafi mikið hvassviðri gengið yfir landið og appelsínugul vindaviðvörðun verið í gildi í nágrenni B. Skömmu eftir að M hafði lagt A í stöðureitinn hafi mikil vindhviða feykt upp lokinu á gámnum sem hafi hafnað á A og valdið skemmdum. M telur staðsetningu gámsins hafa verið glórulausa með tilliti þess hvernig gámarnir virka. Þá hafi slá sem unnt er að setja yfir lokið legið niðri. Telur M að starfsmenn B hafi, þrátt fyrir vindaviðvaranir, ekki tryggt með neinum hætti að lokið gæti ekki fokið upp. Þá hafi starfsmenn D sett gáminn niður allt of nærri stöðureitnum sem A var lagt í. Hefur M krafist bóta vegna tjónsins sem varð á A bæði úr ábyrgðartryggingu B hjá V1 og ábyrgðartryggingu D hjá V2.

Af hálfu V1 er á það bent að starfsmenn B loki ávallt umræddum gámi eftir að hafa sett sorp í hann með því að setja upp slána fyrir lokið og oft er honum einnig læst. Því sé ekki við starfsmenn B að sakast þótt lokið hafi fokið upp og lent á A. Hefur V1 hafnað bótaskyldu.

V2 kveður að nauðsynlegt hafi verið að færa gámana til vegna framkvæmda og starfsmenn D orðið að setja þá á umræddan stað til að geta þjónustað þá. V2 hefur sömuleiðis hafnað bótaskyldu.

Álit.

M hefur sönnunarbyrði um að tjón á A verði rakið til atvika sem B eða D bera skaðabótaábyrgð, annar hvor þeirra eða báðir óskipt. Af hálfu B er staðhæft að starfsmenn skólans loki gámnum ávallt með því að setja fyrrgreinda slá yfir lokið. Ekki er vitað hvernig það kann að hafa atvikast í umrætt sinn að sláin lá niðri þegar vindhviða feykta upp lokinu. Gegn mótmælum B verður að telja ósannað að það verði rakið til sakar hjá starfsmönnum skólans að lokið fauk upp. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V1. Ekkert hefur komið fram sem sýnir fram á annað en að starfsmenn D hafi orðið að setja gáminn á umræddan stað vegna framkvæmda annars staðar á svæðinu. Eins og fyrr segir var gámurinn búinn sérstakri slá til að varna því að lokið fyki upp í vindi. Ekkert hefur komið fram í málinu sem gefur tilefni til að ætla að sláin hafi verið biluð eða gölluð þannig að hún gæti ekki gegnt ætlunarhlutverki sínu. Máttu starfsmenn D treysta því að ekki myndi stafa hætta af staðsetningu gámsins væri gengið frá lokinu á réttan hátt. Að þessu virtu verður að telja ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna D. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V2 vegna tjónsins á A.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V1 né úr ábyrgðartryggingu D hjá V2.

Reykjavík, 8. desember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.